

16. gr.

82

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1937—1938, enda skal námsbókagjald samkvæmt 7. gr. innheimt í fyrsta sinni 1937.

23. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

83

um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

23. júní

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sá, sem sendir eða tekur á móti skeyti — hvort heldur er loftskeyti eða talskeyti — til eða frá skipi, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

2. gr.

Hver sá, sem sendir skeyti til eða frá veiðiskipi, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðli að geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra.

Starfsmenn loftskæptastöðva eða lofttalstöðva mega ekki afgreiða dulmálskeyti til eða frá veiðiskipi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að skeytum, og skulu þeir þýða skeytin, eftir því sem kringumstæður leyfa og ástæður þykja til. Þyki loftskæptamanni skeyti eða skeytaviðskipti að einhverju leyti grunsamleg, skal hann stöðva afgreiðslu slíkra skeyta og gera landssímastjóra þegar í stað aðvart, en hann rannsakar málið nánar og tilkynnir dómsmálaráðherra.

83 Undanþegin þessum ákvæðum eru skeyti frá útlöndum og frá erlendum
23. júní skipum um islenzkar strandastöðvar til skipa í hafi. Þyki loftskeytamanni skeyti þau eða skeytaviðskipti, er um ræðir í þessari málsgrein, að einhverju leyti grunsamleg, skal hann þegar gera landssímastjóra aðvart, en hann tilkynnir dómsmálaráðherra.

3. gr.

Öll skeyti til og frá veiðiskipum eða milli veiðiskipa — hvort heldur eru loftskeyti, talskeyti eða lofttal — skulu rituð á skeytaeyðublöð og send landssímastjórninni að liðnum hverjum mánuði, en landssíminn geymir þau að minnsta kosti í 5 ár.

„Orðsendingar“ til og frá veiðiskipum eru stranglega bannaðar, nema í lífsháska, aðrar en þær, sem eingöngu snerta loftskeytaþjónustuna, enda skulu afrit af þeim fylgja með skeytunum.

Til frekara eftirlits ber starfsmönnum strandastöðva landssímans og loftskeytamönnum á varðskipunum að taka og skrá, eftir því sem þeim er frekast unnt, loftskeyta- og talstöðvaviðskipti milli veiðiskipa innbyrðis og senda mánadarlega til landssímastjórnarinnar.

Dómsmálaráðuneytið hefir hvenær sem er aðgang að öllum þeim plöggum, er varða greint eftirlit, enda hafi sá eða þeir, sem dómsmálaráðherra útnefdir til þess, undirritað þagnarheit samkvæmt fyrirætlum alþjóðareglugerðar þar um.

4. gr.

Með reglugerð má ákveða nánar um framkvæmd laga þessara og refsar fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögnum.

5. gr.

Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt, að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöf-
inni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskip-
anna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að
2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

6. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem með opinber lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.